



### Fundargerð

Fimmtudaginn 21. október 2010 var fundur haldinn í stjórn Félags- og skólajónustu A-Hún, kl 13.00 á skrifstofu fræðslustjóra að Þverbraut 1, Blönduósi.

Á fundinn voru mættir: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Starfsemi Skólajónustu A-Hún

Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri mætti á fundinn og kynnti hlutverk og verkefni fræðsluskrifstofunnar og kom m.a. fram að miklar breytingar hafa orðið á starfsemi og rekstri skólanna og þar með fræðsluskrifstofu frá 1996 þegar sveitarfélögin tóku við grunnskólanum. Starfsmenn á fræðsluskrifstofu eru nú Guðjón Ólafsson í 80% starfi sem fræðslustjóri og Guðrún Þorvaldsdóttir í 25% starfi sem iðupjálfi. Auk þess starfa með fræðsluskrifstofunni sérfræðingarnir Ingvar Gunnar Guðnason sálfræðingur og Ingibjörg Huld Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

Þjónustusvæði skrifstofunnar er Austur Húnavatnssýsla en auk þess er samningur við Húnaþing vestra og Bæjarhrepp um þjónustu.

Starfsvettvangur verkefni eru í meginráttum:

- -Forgangsröðun og skipulag greininga og ráðgjafar fyrir einstaka nemendur og nemendahópa
- -Endurmenntun og þróunarstarf fyrir skólastjórnendur og starfsfólk skólanna
- -Samráðsfundur skólastjórnenda einu sinni í mánuði (oftar ef þurfa þykir)
- -Lausn ágreiningsmála

Guðjón fór yfir ýmis mál og verkefni sem fræðslustjóri sinnir og urðu umræður um verkefni og umfang fræðsluskrifstofunnar.

#### 2. Skrifstofuhúsnæði Fel A-Hún

Fyrir fundinum lágu drög að leigusamningi við HSB um 140,2 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á 2. hæð Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi. Stjórnin yfirfór samninginn og ræddi bæði einstakar greinar hans og samninginn í heild en samþykkti hann síðan og fól formanni að undirrita hann.

Í viðauka við samninginn var kostnaðaráætlun vegna endurbóta á húsnæðinu. Ákveðið að leita eftir föstum tilboðum í endurbæturnar og hafa samráð við HSB um framkvæmd þeirra vegna endurbóta sem leigusali mun framkvæma.

#### 3. Hnitbjörg

Fyrir fundinum lá samantekt um kostnað við endurbætur á Hnitbjörgum sem vor fólgnar í múrviðgerðum, utanhússmálningu og gerð stigapalla við svalir.

Kostnaður við verkið nam 5.617.774 kr.

Í fundarlok fór stjórnin og skoðaði framkvæmdir.

---



#### 4. Starfsmannamál

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um að Ólöf Birna Björnsdóttir hafi sagt upp starfi sínu hjá Félags- og skólaþjónustu A-Hún og að félagsmálastjóri hyggist gera ótímabundinn samning við Sigrúnu Líndal sem hefur sinnt starfinu tímabundið.

Stjórn gerði ekki athugasemd við ráðninguna en bókaði þakklæti til Ólafar Birnu fyrir langt og farsælt starf hjá félagsþjónustunni.

#### 5. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 14.30

Magnús Sigurðsson

Zophonías Ari Lárusson

Vignir Sveinsson

Magnús B. Jónsson